

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 1. desember 2022 í máli nr. 64/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 18. ágúst 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér 361.481 króna auk dráttarvaxta frá greiðsludegi.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi 12. september 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi dags. 12. október 2022, sem afhent var varnaraðila 24. október 2022. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, tilboð dags. 7. júlí 2021, staðfesting á innborgun sóknaraðila til varnaraðila vegna verksins dags. 8. júlí 2021 og greiðslukvittun dags. 14. október 2022.

Með bréfi, dags. 28. nóvember 2022, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum málsins kemur fram að sóknaraðili óskaði eftir tilboði varnaraðila í smíði á þremur gluggum og einni hurð sem og uppsetningu þeirra í fasteign sóknaraðila. Varnaraðili gerði tilboð í verkið þann 7. júlí 2021 að fjárhæð 1.032.804 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Í tilboðinu var kveðið á um að 35% staðfestingargjald skyldi greitt við samþykki þess. Þann 8. júlí 2021 samþykkti sóknaraðili tilboð varnaraðila og greiddi honum umrætt staðfestingargjald að fjárhæð 361.481 króna. Í kjölfarið áttu aðilar í reglulegum samskiptum í gegnum tölvupóst þar sem sóknaraðili ítrekaði margsinnis ósk sína um að varnaraðili myndi hefja verkið eins fljótt og kostur væri enda lægi fasteign hennar undir skemmdum vegna leka. Þann 1. maí 2022 hafi varnaraðili komið til sóknaraðila í því skyni að mæla fyrir gluggunum og hurð. Hafi varnaraðili tjáð henni að smíðin myndi hafa algjöran forgang hjá honum og tæki hún um þrjár til fjórar vikur. Samkvæmt framlögðum samskiptum aðila urðu ítrekaðar tafir á smíðinni af hálfu varnaraðila. Með tölvupósti þann 10. ágúst 2022 tilkynnti sóknaraðili varnaraðila að hún sætti sig ekki við frekari drátt á því að verkið myndi hefjast en þá voru rúmir 13 mánuðir liðnir fá því sóknaraðili samþykkti tilboð varnaraðila. Óskaði sóknaraðili jafnframt eftir endurgreiðslu

innborgun sinnar að fjárhæð 361.481 króna. Ítrekaði sóknaraðili beiðni sína um endurgreiðslu 17. ágúst 2022. Þann 14. október 2022 endurgreiddi varnaraðili sóknaraðila 200.000 krónur. Krefst sóknaraðili þess að varnaraðili endurgreiði henni það sem eftir standi eða 161.481 krónu auk dráttarvaxta.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni, þ.e. hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir því niðurstaðan á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðilar hafa lagt fram í málinu.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Viðskipti aðila fólust í smíði varnaraðila á þremur gluggum og einni hurð og uppsetningu þeirra í fasteign sóknaraðila. Ágreiningur málsins heyrir undir gildissvið þkpl., sbr. 2. tl. 1. gr. laganna.

Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili leitaði til varnaraðila og óskaði eftir framangreindri þjónustu hans. Varnaraðili gerði tilboð í verkið þann 7. júlí 2021 sem sóknaraðili samþykkti með greiðslu á svonefndu staðfestingargjaldi sem nam 35% af heildarfjárhæð tilboðsins þann 8. júlí 2021. Sóknaraðili hafði ítrekað samband við varnaraðila í gegnum tölvupóst til að grennslast fyrir um hvenær verkið myndi hefjast sem og að reka á eftir því. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili komið á staðinn þann 1. maí 2022 og mælt fyrir þeim gluggum og hurð sem smíða átti og setja upp. Hafi varnaraðili tjáð hennar að verkinu yrði lokið þremur til fjórum vikum síðar. Af tölvupóstsamskiptum aðila má ráða að varnaraðili gat ekki staðið við það nefnt tímamark án þess að gefa fullnægjandi skýringar fyrir því. Með tölvupósti sínum þann 10. ágúst 2022 krafðist sóknaraðili þess að varnaraðili myndi færa sönnur á því með ljósmyndum að hinir umsamdir hlutir væru sannarlega smíðaðir ellegar endurgreiða henni innborgun sína að fjárhæð 361.481 króna. Varð varnaraðili ekki við því. Ítrekaði sóknaraðili beiðni sína um endurgreiðslu með tölvupósti þann 17. ágúst 2022. Samkvæmt framlagðri kvittun endurgreiddi varnaraðili sóknaraðila 200.000 krónur þann 14. október 2022. Að sögn sóknaraðila hefur varnaraðili ekki endurgreitt henni það sem eftir standi af greiddu staðfestingargjaldi.

Í 1. mgr. 20. gr. þkpl er m.a. kveðið á um að seldri þjónustu skal lokið á þeim tíma sem samið hefur verið um. Í 2. mgr. sama ákvæðis segir að hafi seljandi þjónustu ekki tekið fram í samningi hvenær henni skuli lokið eða það hefur ekki á annan hátt verið ákveðið telst dráttur vera til staðar ef seljandi þjónustu skilar ekki

verki innan sanngjarns frest eftir að krafa um það kemur fram. Í máli þessu liggur fyrir að sóknaraðili ítrekað margsinnis ósk sína um að varnaraðili myndi hefja hið umsamda verk, síðast þann 10. ágúst 2022 en þá voru liðnir rúmir 13 mánuðir frá því aðilar sömdu um verkið. Má því leggja til grundvallar í málinu að dráttur í skilningi 2. mgr. 20. gr. þkpl. hafi sannarlega orðið á því að þjónustu varnaraðila við sóknaraðila yrði lokið.

Samkvæmt 21. gr. þkpl. getur neytandi rift samningi ef:

1. *drátturinn skiptir hann verulegu máli og seljanda þjónustu mátti vera það ljóst,*
2. *seljandi þjónustu leysir hana ekki af hendi innan umsamins frests eða innan sanngjarns frests eftir að krafa hefur komið fram um afhendingu.*

Með vísan til þessa lagaákvæðis verður talið að sóknaraðila hafi verið heimilt að rifta samningi aðila og krefjast endurgreiðslu á hinu greidda gjaldi á grundvelli 22. gr. laganna. Þykir ljóst af framlögðum samskiptum aðila að dráttur á þjónustu varnaraðila skipti sóknaraðila verulegu máli þar sem brýnt var að fara í framkvæmdir á gluggum og hurð í fasteign hennar og varnaraðila hafi verið það ljóst. Rúmlega 13 mánuðir voru liðnir frá því sóknaraðili samþykkti tilboð varnaraðila í verkinu og greiddi 35% af heildarverði verksins uns sóknaraðili rifti samningi aðila þann 17. ágúst 2022. Á þessu tímabili frestaði varnaraðili ítrekað að hefja verkið vegna ýmissa ástæðna sem hann varðaði. Þá liggur fyrir að varnaraðili varð ekki við kröfu sóknaraðila um að færa sönnur á því með ljósmyndum að smíða hlutanna væri hafin eins og varnaraðili fullyrti í tölvupóstum sínum fyrri hluta sumars árið 2022.

Við mat á endurgreiðslukröfu sóknaraðila verður að líta til þess, með hliðsjón af framlögðum gögnum, að varnaraðili hefur í engu efnt samning aðila. Undir rekstri málsins hjá kæruneftndinni upplýsti sóknaraðili að varnaraðili hefði endurgreitt henni 200.000 krónur þann 14. október 2022 en eftir standi þá ógreiddar 161.481 króna. Breytti sóknaraðili kröfugerð sinni fyrir kæruneftndinni í ljósi þessa. Varnaraðila ber því að endurgreiða sóknaraðila 161.481 krónu.

Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða dráttarvexti af kröfu hennar frá greiðsludegi. Í máli þessu hefur ekki verið samið um gjalddaga kröfu sóknaraðila og ber því að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannarlega krafði skuldara með réttu um greiðslu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Sóknaraðili gerði kröfu um endurgreiðslu með bréfi sínu 17. ágúst 2022. Reiknast því dráttarvextir af 361.481 krónu frá 17. september 2022 til 14. október 2022 og af 161.481 krónu frá þeim degi til greiðsludags, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, greiði sóknaraðila, X, 161.481 krónu ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 361.481 krónum frá 17. september 2022 til 14. október 2022 og af 161.481 krónur frá þeim degi til greiðsludags.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson